

Borgarráð

Staða á þátttöku Reykjavíkurborgar í Social Progress Imperative.

Á fundi borgarráðs þann 27. apríl sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn lögð fram af borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Fyrir ári síðan skrifaði Reykjavíkurborg og samtökin Social Progress Imperative undir viljayfirlýsingu að Reykjavík yrði fyrsta borgin í Evrópu til að taka upp sérstaka samfélagsvísitölu sem mælir gæði samfélagsinnviða eða Social Progress Index en endanlegt markmið með því væri að tryggja lífskjör íbúanna, en þetta átti að vera fyrsta skrefið í þeim leiðangri að sjá hvar Reykjavík standi og hvar borgin geti bætt sig, "tilgangurinn er að kortleggja hvernig við tryggjum þarfir íbúanna, hvernig við göngum úr skugga um að íbúar hafi jöfn tækifæri og hvernig við gætum velferðar þeirra sem hér búa." Þá kemur fram að í því skyni að búa til þessa nýju vísitölu fyrir Reykjavíkurborg munu samtökin kortleggja allar stofnanir samfélagsins á breiðum grunni auk þess sem skoðað verður hvað íbúunum finnst einkenna Reykjavík sem sveitarfélag og um gæði félagslegra innviða í borginni. Framsókn og flugvallavinir óska eftir upplýsingum um hvar þetta verkefni er statt og hver niðurstaðan er úr þessu samstarfi og hvaða kostnaður hafi hlotist af samstarfi til dagsins í dag.

Svar:

Þann 26. apríl 2016 var undirrituð viljayfirlýsing um að Reykjavíkurborg yrði fyrsta borg evrópu til að taka upp SPI vísitölu (social progress index). Var viljayfirlýsingin kynnt í borgarráði. Í umræðum um málið í borgarráði kom fram að kostnaður borgarinnar yrði fyrst og fremst í tengslum við gagnaöflun og ferðakostnað eins sérfræðings. Í framhaldi af undirritun viljayfirlýsingarinnar áttu sér stað viðræður á milli umboðsaðila SPI á Íslandi og fulltrúa Reykjavíkurborgar um innleiðingu vísitölunnar og aðkomu Reykjavíkurborgar að alþjóðlegri ráðstefnu um vísitöluna, „What works 2017“. Í þeim viðræðum kom í ljós að umfang vinnunnar var meira en í fyrstu var áætlað þar sem gert var ráð fyrir talverðu vinnuframlagi frá Reykjavíkurborg auk þess sem önnur útgjöld vegna verkefnisins voru metin umtalsvert hærri en áætlað hafði verið í upphafi. Við mat á fýsileika þess að hefja innleiðingu var jafnframt horft til þess að á sama tíma var verið að innleiða

stjórnendaupplýsingakerfi þvert á borgarkerfið og því líklegt að innleiðing vísitölunnar gæti aukið á flækjustig og gert innleiðingu erfiðari. Það var því mat skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að hverfa frá þátttöku í SPI að svo stöddu en fylgjast þess í stað með þróun vísitölunnar með það fyrir augum að taka hana upp á síðari stigum gefi innleiðing hennar góða raun í öðrum borgum.

Helga Björg Ragnarsdóttir
skrifstofustjóri